

1. bekkur - íslenska

Námskrá 1. bekkjar íslenska

Inngangur:

Í íslensku er unnið samkvæmt aðferðum í Byrjendalæsi og samþætt öðrum námsgreinum eins og hægt er. Í hverri viku er lesin valin barnabók fyrir nemendur og síðan unnið út frá henni með stafi, hljóð, lykilorð, innihald texta, málörvun, leikræna tjáningu, umræður, söng og endursögn. Tengjum námsefnið við reynsluheim barnanna eins og hægt er. Nemendur eru þjálfuð í ýmis konar vinnubrögðum, að föndra, klippa, halda rétt á skrif færum, draga til stafs, skrifa orð og stutta texta. Farið er í leiki sem þjálfar samskipti og tjáningu. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluáðferðir s.s. einstaklingsvinna, stöðvavinna. Nemendur vinna í stórum og litlum hópum, í paravinnu og einstaklingslega eftir því sem hentar hverju sinni. Reynt er að koma til móts við þarfir hvers og eins. Og verkefni valin sem hæfa þroska og getu barnanna. Nemendur fá lesefni við sitt hæfi strax og þau hafa getu og löngun til.

Í nóvember taka nemendur þátt í lestrarátaki skólans „Öldunni“ sem er ætlað að efla áhuga þeirra á lestri.

Börn vaxa og þroskast mismunandi hratt. Framfarir eru ekki alltaf jafn örar. Það koma tímabil í ævi barns þegar þroski er mjög ör og einnig önnur þegar um afar hægán þroska er að ræða. Engin tvö börn eru eins. Þetta ber að hafa í huga þegar lagt er mat á barnið. Símat kennara á virkni og áhuga nemenda í kennslustundum. Einnig eru lögð fyrir nemendur verkefni Boehm hugtakakönnun, Læsi 1-3 og hraðlestrapróf fyrir þau sem það geta.

1. bekkur - íslenska

Námsþáttur: Talað mál, hlustun og áhorf.

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Í 1. bekk leggjum við áherslu á að nemendur læri að hlusta og tjá sig skýrt og áheyrilega. Sýni hvort öðru kurteisi og góð samskipti .

Hæfniviðmið:

Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

1. Þjálfist í að nota skýran og áheyrilegan framburð.
2. Þjálfist í að tjá sig frammi fyrir hópi.
3. Þjálfist í að segja frá.
4. Þjálfist í að hlusta og horfa á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva
5. Þjálfist í að hlusta á efni á rafrænu formi.
6. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

1. bekkur - íslenska

Talað mál, hlustun og áhorf

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur tjá sig með endursögn, lestri, samræðum og söng. • Segja frá verkefnum sínum. • Segja frá eigin upplifun. • Hlusta á upplestur kennara og á diskum og horft á myndbönd. • Hlusta á sögudiska. • Geta hlustað á hvort annað og sýnt kurteisi þegar aðrir tala. 	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið með verkefni tengd byrjendalæsi. K – pals. • Semja sögur og leika leikrit. • Sagt frá einhverju úr eigin líf. • Horft á myndbönd. Farið á leikrit og uppákomur tengdar skólanum. • Sögur og ævintýri. • Segja frá í krók s.s. skrytlu, sögur, gátur, brandara og syngja. 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat kennara á virkni og áhuga nemenda í kennslustundum.

1. bekkur - íslenska

Námsþáttur: Lestur og bókmenntir

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Í 1. bekk leggjum við áherslu á að nemendur geti lesið léttan texta sem hæfir þroska þeirra, skilji innihald textans og geti endursagt hann og leikið að einhverju leyti.

Hæfniviðmið:

Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

1. Þjálfist í að beita aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
2. Aukið orðaforða með hlustun, lestri, og söng.
3. Geti að nokkru leyti tengt þekkingu sína og reynslu við lesefnið.
4. Fá kynningu á skólabókasafni. Læra að umgangast bækur.
5. Hlusti á og læri að þekkja ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
6. Kynnist hugtakinu sögupersóna og geti endursagt söguna í grófum dráttum.
7. Kynnist ljóðum, vísum, þulum og rími.
8. Kynnist að hægt er að afla sér upplýsinga í bókum og á rafrænu formi.
9. Kynnist einföldum tákmyndum og myndrænu efni.
10. Valið bók til að skoða eða lesið sér til ánægju.

1. bekkur - íslenska

Námsþáttur: Lestur og bókmenntir

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<ul style="list-style-type: none"> • Frjáls lestur, heimalestur, samlestur, kórlestur. • Byrjendalæsi. • Heimsóknir á bókasafn. • Lesið úr völdum barnabókum. • Skoða bækur og sýna notkun á neti. • Velji sér bók úr bekkjarsafni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lestrarbækur frá Námsgagnastofnun. • Markviss málörvun. • Umræður. • Bókasafn . • Kennari les bækur sem hæfa þroska nem. • Lesin ljóð, læra þulur og sungnar vísur. • Skoða upplýsingabækur og sjá uppl. í tölvu. • Valdar bækur úr bekkjarsafni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Boehm hefti 1 og 2. • Læsi , hefti 2 og 3. • Hraðlestrapróf. • Símat kennara á virkni og áhuga nemenda í kennslustundum.

1. bekkur - íslenska

Námsþáttur: Ritun

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Í 1. bekk leggjum við á áherslu á að nemendur geti dregið rétt til stafs og skrifað stuttan texta skýrt og greinilega.

Hæfniviðmið:

Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti.

1. Þjálfist í að draga rétt til stafs.
2. Þjálfist í að skrifa stuttan texta.
3. Þjálfist í að semja texta frá eigin brjósti.
4. Kynnist fyrirmyndum í ritun.
5. Kynnist ritun í texta á tölvu.
6. Þjálfist í að hlusta á eigin verk og annarra.

1. bekkur - íslenska

Námsþáttur: Ritun

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur skrifa forskrift. • Nemendur skrifa eftir fyrirmynd frá kennara. • Nemendur skrifa sjálfir stuttan texta. • Sýnikennsla. • Vinni í forritum í tölvu. • Framsögn. 	<ul style="list-style-type: none"> • Forskrift á blöðum eða frá kennara. • Orðasafn, vinnubækur • Heimavinna, frjáls ritun, byrjendalæsi. • Kennari sýnir nemendum hvernig nota á stóran staf og bil milli orða. • Forrit frá Námsgagnastofnun • Kennari og nemendur lesa verk nemenda. 	<ul style="list-style-type: none"> • ímat kennara á virkni og áhuga nemenda í kennslustundum.

1. bekkur - íslenska

Námsþáttur: Málfræði

Áherslur og megintilgangur námsþáttar:

Í 1. bekk leggjum við áherslu á að nemendur læri bókstafi, hljóð þeirra og auki orðaforða sinn.

Hæfniviðmið:

Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti.

1. Bæti við orðaforða og málsskilning
2. Þekki bókstafi, hljóð og orð.
3. Þekki stafrófið og geti sungið stafrófsvísu.
4. Kynnist margræðni orða.
5. Leiki sér með rím og fara í orðaleiki.

1. bekkur - íslenska

Námsþáttur: Málfræði

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<ul style="list-style-type: none"> • Byrjendalæsi. • Stafainnlögn 	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur ævintýra og orð valin úr ævintýri til útskýringa. • Nemendur læra heiti stafs og þekki hljóð hans. • Sungin stafrófsvísa eftir Þórarinn Eldjárn. • Unnið með lykilorð. • Markviss málörvun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat kennara á virkni og áhuga nemenda í kennslustundum.